

2023 | ÁGÚST
SEDLABANKI ÍSLANDS



ÁHAETTUPÆTTIR
VEGNA SÝNDAREIGNA

Fræðsluefni um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna (hér eftir kallaðir þjónustuveitendur sýndareigna) og sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat á starfsemi þeirra og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir m.a. á viðmiðunarreglum EBA (European Banking Authority) um áhættuþætti¹ og á leiðbeiningum FATF (Financial Action Task Force) um áhættumiðað eftirlit með þjónustuveitendum sýndareigna.²

Eðli sýndareigna getur valdið því að þjónustuveitendur sýndareigna eru berskjaldaðir fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ekki síst vegna hraða viðskiptanna og þeirrar staðreyndar að viðskiptin ná yfir landamæri og um allan heim. Sýndareignir gera glæpamönnum kleift að kaupa, færa og geyma eignir á stafrænan hátt, oft utan hins hefðbundna fjármálakerfis, auk þess að hylja uppruna og áfangastað eigna þannig að erfiðara er fyrir tilkynningarskylda aðila að bera kennsl á grunsamleg viðskipti í tæka tíð. Þessir þættir gera svo að verkum að yfirvöld eiga erfiðara en ella með að bera kennsl á og rannsaka glæpsamleg athæfi.

Á síðustu árum hefur tækni fleygt fram sem miðar að því að hylja raunverulegt eignarhald og uppruna sýndareigna eða almennt að því að draga úr gagnsæi og flækja flæði fjármagns, auk þess sem ný viðskiptalíkön eða vörur sem bera með sér aukna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svikum og markaðsmisnotkun, hafa litið dagsins ljós.

1. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu).

2. Updated Guidance for a Risk-Based Approach to Virtual Assets and Virtual Asset Service Providers (fatf-gafi.org).

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl. Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Áhættuþættir vegna sýndareigna

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka að gera áhættumat á annars vegar starfsemi sinni og hins vegar á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættumat á starfsemi skal að lágmarki taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnun, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum skal byggja á áhættumati á starfsemi skv. A-lið 5. gr. laga nr. 140/2018. Tilkynningarskyldir aðilar skulu tryggja að áhættumat á samningssamböndum endurspegli fyrirbyggjandi áhættu á hverjum tíma og sé í samræmi við þau viðskipti sem viðskiptamaður stundar. Í því felst að aðilar skulu ekki eingöngu meta áhættu tengda samningssambandi við upphaf viðskiptasambands heldur hafa aðferðir til að fylgjast með áhættuþáttum sem gætu haft áhrif á fyrirbyggjandi áhættumat s.s. áhættuþætti tengdri hegðun viðskiptamanns á meðan á samningssambandi stendur.

Við mat á því hvernig áhættuþættir skulu áhættuflokkaðir skal horft til allra viðeigandi áhættuþátta, sem geta einir og sér eða samanlagt, aukið eða dregið úr hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað þá áhættu.

1. Áhættuþættir tengdir starfsemi þjónustuveitenda sýndareigna

Við mat á áhættu í starfsemi sinni þurfa þjónustuveitendur sýndareigna m.a. að horfa til:

- Stærðar og tegundar viðskiptamanna;
- Fjölda landa og landsvæða sem tengjast viðskiptamönnum og fjölda viðskiptamanna sem tengjast hverju landi/landssvæði;
- Gæða aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. hvort að fullnægjandi eftirlitskerfi séu til staðar, hvort að ábyrgðarmaður hafi fullnægjandi sérfræðipekkingu, o.s.frv.;
- Notkun tækni til að tryggja nafnleysi í viðskiptum með sýndareignir og notkun tækni til að tryggja að viðskipti með sýndareignir séu ekki nafnlaus, s.s. áhættumat á veskisföngum með notkun greiningar á bálkakeðju;
- Útsetningar fyrir IP tækni sem tryggir nafnleysi, s.s. Tor, I2P, sem kann að hindra getu þjónustuveitanda sýndareigna til að bera kennsl á viðskiptamenn sína og innleiða árangursríka ferla tengdum aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka;
- Hvort stunduð séu viðskipti við aðila sem teljast ekki tilkynningarskyldir, s.s. óhýst veski, þjónustuveitendur í lögsögum þar sem þeir eru ekki skyldugir til að framfylgja reglum og lúta eftirliti, og viðskipti þar sem jafningja-viðskipti (e. peer to peer, P2P) viðskipti áttu sér stað á fyrri stigum;
- Tegunda sýndareigna sem þjónustuveitandinn býður eða hyggst bjóða upp á og einstakir eiginleikar þeirra, sérstaklega vörur eða þjónustur sem kunna að leiða til meiri

áhættu með því að torvelða eftirlit þjónustuveitandans og getu til að bera kennsl á viðskiptamenn sína og framkvæma áreiðanleikakannanir og aðrar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka;

- Viðskipta þjónustuveitandans eða stjórnunar hvers kyns snjallsamninga sem kunna að vera notaðir til að framkvæma viðskipti með sýndareignir.

2. Áhættuþættir tengdir viðskiptum með sýndareignir

Neðangreind flögg tengjast stærð og tíðni viðskipta með sýndareignir.

Stærð og tíðni færslna

- Viðskiptamaður skipuleggur viðskipti sín með þeim hætti að upphæð hverra viðskipta sé lág, eða undir viðeigandi fjárhæðamörkum, til þess að komast hjá aukinni áreiðanleikakönnun;
- Viðskiptamaður framkvæmir fjölda hárra viðskipta, sérstaklega á stuttu tímabili, s.s. innan sólarhrings;
- Viðskiptamaður flytur sýndareignir umsvifalaust til fjölda annarra þjónustuveitenda sýndareigna, sérstaklega þjónustuveitenda sýndareigna sem eru skráðir eða starfa í annarri lögsögu þar sem:
 - engin tengsl eru við það ríki sem viðskiptamaður býr í eða stundar viðskipti í, eða
 - ekkert eða veikt regluverk vegna aðgerða gegn peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka er til staðar;
- Viðskiptamaður millifærir sýndareignir til þjónustuveitanda sýndareigna og umsvifalaust:
 - millifærir sýndareignina frá þjónustuveitanda sýndareigna án þess að eiga frekari viðskipti með aðrar sýndareignir. Þetta getur talist óþarfa milliskref sem leiðir til aukinna færslugjalda;

- breytir sýndareigninni yfir í fjölda annarra sýndareigna, sem hefur í för með sér aukin færslugjöld, án þess að viðskiptin virðist í raunverulegum viðskiptalegum tilgangi (s.s. til að dreifa áhættu);
- millifærir sýndareignir frá þjónustuveitandanum og yfir á veskisfang sem er ekki tengt þjónustuveitanda sýndareigna (e. private wallet). Þessi aðgerð leiðir í raun til þess að kauphöllin eða þjónustuveitandinn virkar eins og þjónusta til þess að dylja slóð fjármuna í peningaþvættistilgangi (e. money laundering mixer).
- Viðskiptamaður móttækur fjármuni sem grunur leikur á að hafi verið stolið eða séu falsaðir
 - viðskiptamaður leggur inn sýndareignir frá veskisföngum sem hafa verið bendluð við að geyma stolnar eignir, eða veskisföng sem tengd eru við handhafa stolinna eigna.

3. Áhættuþættir sem tengjast færslum/færslumynstri

Neðangreind flögg tengjast óreglulegum, óvenjulegum eða óalgengum færslumynstrum.

Viðskipti/færslur tengdar nýjum notendum

- Viðskiptamaður hefur viðskipti við þjónustuveitanda sýndareigna með því að millifæra háa fjárhæð sem er ekki í samræmi við áreiðanleikakönnun;
- Nýr notandi reynir að skipta allri innistæðu sinni af sýndareignum eða reynir að millifæra allar sýndareignirnar frá þjónustuveitandanum í einu.

Viðskipti/færslur sem varða alla notendur

- Viðskipti sem fela í sér margar mismunandi sýndareignir, eða mörg veskisföng, án rökréttra ástæðna;
- Viðskiptamaður á tíð viðskipti innan ákveðins tíma (s.s. dags, viku eða mánaðar) á sama veskisfangið;

- frá fleiri en einum aðila,
- frá sömu IP tölunni, frá einum eða fleiri aðilum,
- sem teljast háar færslur miðað við upplýsingar sem þjónustuveitandi hefur um viðskiptamanninn;
- Hlutfallslega lágar millifærslur frá mörgum ótengdum veskisföngum (e. accumulation of funds) sem í kjölfarið eru millifærðar á annað veskisfang eða skipt yfir í gjaldeyri;
- Skipti eru framkvæmd milli sýndareigna og gjaldeyris, mögulega með tapi, s.s. þegar verð sýndareignar flöktir eða þrátt fyrir óvenjulega há þjónustugjöld, og sérstaklega þegar viðskiptin virðast ekki hafa neinn rökréttan tilgang.

4. Áhættuþættir sem tengjast nafnleynd

Áhættuþættir sem tengjast nafnleynd byggja á eðlislægum eiginleikum þeirrar tækni sem sýndareignir grundvallast á. Þessir tæknilegu eiginleikar auka líkurnar á nafnlausum viðskiptum og geta komið í veg fyrir að lögbær yfirvöld komi auga á ólöglega háttsemi. Þessir eiginleikar gera sýndareignir aðlaðandi til misnotkunar fyrir aðila sem hyggjast fela eða koma fjármunum undan.

Þó að viðskipti með sýndareignir séu gædd framan­greindum eiginleikum, leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að sýndareignir séu notaðar til ólöglegra viðskipta. Framangreindir eiginleikar ættu því að vera metnir í samhengi við aðra eiginleika sem tengjast viðskiptamanninum, viðskiptasambandinu eða tilgangi viðskipta, s.s.:

- Óvenjulegt mynstur viðskipta (s.s. bæði fjöldi og umfang) með sýndareignir sem eru millifærðar frá veskisföngum sem tengjast vettvangi jafningaviðskipta (e. P2P platform) án eðlilegrar skýringar á tilgangi viðskipta;
- Millifærslur sem eru framkvæmdar í gegnum marga þjónustuveitendur með tilheyrandi kostnaði af þjónustugjöldum. Slík viðskipti kunna að stafa af ásetningu til þess að fela flæði ólöglegra fjármuna milli þekktra veskja og ólöglegra markaðstorga;

- Millifærsla fjármuna inn eða út af veski sýndareigna sem er með bein tengsl við grunsamlega aðila, meðal annars ólögleg markaðstorg, þjónustur til þess að dylja slóð fjármuna í peningaþvættistilgangi, veðmálasíður, ólöglega starfsemi (til dæmis gíslatökuforrit) eða tilkynningu um þjófnað (e. theft report);
- Notkun dreifstýrðra/óhýstra (e. decentralised/unhosted) veskisfanga til þess að stunda viðskipti með sýndareignir yfir landamæri;
- Aðilar sem hyggjast starfa sem þjónustuveitendur sýndareigna og styðjast við þjónustu sem hylur eða breytir upplýsingum um eiganda netlens;
- Mikill fjöldi stafrænna veskja sem virðast ekki tengjast en er stjórnað í gegnum sömu IP-tölu, sem gæti falið í sér notkun skelveskja skráðra á mismunandi notendur til þess að fela tengsl þeirra;
- Móttaka fjármuna eða millifærsla fjármuna til þjónustuveitenda sýndareigna þar sem ferli áreiðanleikakannana eða leið til þess að þekkja viðskiptamanninn er ekki til staðar eða vanþróað.

5. Áhættuþættir sem tengjast sendanda eða viðtakanda

Þessir áhættuþættir skipta máli í tengslum við aðgang og óeðlilega hegðun viðskiptamanna, ýmist af hálfu sendanda eða viðtakanda þegar þeir stunda viðskipti.

Þjónustuveitendur sem senda og taka við millifærslum fjármuna og sýndareigna skulu skima nöfn viðskiptamanna sinna og raunverulegra eigenda við þvingunarlista til að uppfylla skyldur um þvingunaraðgerðir við upphaf samnings­ sambands. Einnig skulu þeir skima nöfn sendanda eða viðtakanda sýndareigna þegar þeir stunda millifærslur sýndareigna.

Áhættuþættir sem koma fram við stofnun reiknings

- Stofnun aðskilda reikninga undir mismunandi nöfnum til að koma í veg fyrir að viðskipti séu takmörkuð eða að sett séu úttektarmörk hjá þjónustuveitenda sýndareigna;
- Millifærslur sem eru upprunnar frá ótraustum IP-tölum, IP-tölum frá áhættusömum ríkjum eða IP-tölum sem hafa áður verið taldar grunsamlegar.

Áhættuþættir sem koma fram við áreiðanleikakannanir

- Ókláraðar eða ófullnægjandi upplýsingar um viðskiptamann, eða ef viðskiptamaður neitar að sanna á sér deili eða svara fyrirspurnum um uppruna fjármuna;
- Sendanda/viðtakanda skortir þekkingu eða veitir rangar upplýsingar um viðskiptin, uppruna fjármunanna eða viðskiptasambandið.

Aðgangur/eiginleikar viðskiptamanns (e. profile)

- Ósamræmi milli IP-tölu aðgangs viðskiptamanns og IP-tölnunnar sem viðskiptin hófust á;
- Veskisfang viðskiptamanns birtist við opinbera leit í tengslum við ólöglega starfsemi;
- Viðskiptamaðurinn er þekktur af yfirvöldum, vegna fyrri tengsla við ólöglega starfsemi.

Aðgangur/eiginleikar burðardýra reiðufjár eða sýndareigna eða fórnarlamba svika

- Sendandi virðist ekki þekkja tæknina á bakvið sýndareignir eða lausnir veskisfanga á netinu. Slíkir aðilar gætu verið burðardýr reiðufjár sem starfa fyrir aðila sem stunda peningaþvætti, eða fórnarlömb fjárvika sem notuð eru sem burðardýr og eru blekkt til þess að millifæra hagnað af ólöglegri háttsemi án þess að þekkja uppruna fjármunanna;

- Viðskiptamaður sem er töluvert yfir meðalaldri notenda opnar reikning og tekur virkan þátt í viðskiptum. Þetta getur gefið í skyn að viðskiptamaðurinn sé burðardýr sýndareigna eða fórnarlamb í fjárhagslegri misnotkun aldraðra;

- Viðskiptamaður telst fjárhagslega berskjaldaður einstaklingur. Slíkir einstaklingar eru oft misnotaðir af fíkniefnasölum til þess að sinna ólöglegri starfsemi;

- Viðskiptamaður kaupir mikið magn sýndareigna sem er ekki í samræmi við aðgang viðkomandi að fjármagni eða fjárhagslega sögu hans. Slíkt getur bent til peningaþvættis, burðardýrs reiðufjár eða að viðkomandi sé fórnarlamb svindls.

Önnur óeðlileg hegðun

- Viðskiptamaður breytir reglulega auðkennisupplýsingum líkt og tölvupóstfangi, IP-tölu eða fjárhagsupplýsingum sem getur einnig bent til yfirtöku á reikningi viðskiptamanns;
- Viðskiptamaður stundar ítrekað viðskipti við einstaklinga með miklum hagnaði eða miklu tapi. Slíkt getur bent til yfirtöku á reikningi, tilraun til að taka út innistæður fórnarlamba eða fyrirætlanir um peningaþvætti til að torvelða fjárstreymi í gegnum innviði þjónustuveitenda sýndareigna.

6. Áhættuþættir tengdir uppruna fjármagns

Misnotkun sýndareigna tengist oftast ólöglegri starfsemi, líkt og sölu fíkniefna, fjárvikum, netglæpum, þjófnaði og þvingunum. Hér að neðan eru talin upp rauð flögg vegna uppruna fjármuna sem tengjast slíkri ólöglegri starfsemi:

- Viðskiptamaður á viðskipti við stafræn veski eða greiðslukort sem tengd hafa verið við fjárvik, þvinganir, veskisföng á þvingunarlistum eða ólögleg markaðstorg;

- Viðskiptamaður á viðskipti með sýndareignir sem eiga uppruna að rekja til fjárhættustarfsemi á netinu;

- Viðskiptamaður notar eitt eða fleiri kredit og/eða debetkort sem eru tengd stafrænu veski til að taka út háar upphæðir af gjaldmiðlum;

- Uppruni fjármuna sem notaðir eru til að kaupa sýndareignir eru innborganir í reiðufé inn á kreditkort;

- Innborganir inn á reikning eða veski sýndareigna eru mikið hærrí en venjulega, uppruni fjármunanna er óþekktur og er breytt í gjaldmiðla. Slíkt getur gefið í skyn að um stolna fjármuni sé að ræða;

- Skortur er á gagnsæi eða ófullnægjandi upplýsingar eru um uppruna og eiganda fjármunanna, líkt og notkun skelfélaga eða um er að ræða fjármuni sem geymdir eru í fyrsta útboði sýndareigna (e. Initial Coin Offering (ICO)) þar sem persónulegar upplýsingar um fjárfesta eru ekki aðgengilegar eða viðskipti með greiðslum á netinu í gegnum kreditkort eða fyrirfram greidd kort sem strax er tekið út af;

- Fjármunir viðskiptamanns eru upprunalega vegna sýndareigna frá öðrum þjónustuveitendum þar sem ekki eru fyrir hendi viðeigandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

7. Áhættuþættir sem tengjast landfræðilegri áhættu

Áhættuþættir sem tengjast landfræðilegri áhættu undirstrika hvernig aðilar sem stunda ólöglegri starfsemi millifæra ólöglegri fjármuni. Slíkir aðilar nýta sér mismunandi stig innleiðingar í aðildarríkjum á endurskoðuðum tilmælum FATF um sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna. Aðilar sem stunda ólöglegri starfsemi misnota aðstæður sem regluverkið

um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, um sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna, nær ekki utan um. Er það framkvæmt með þeim hætti að millifæra ólögmeða fjármuni til þjónustuveitenda sem eru með heimilisfesti eða starfa í ríkjum sem hafa ekki innleitt, eða innleitt aðeins að litlu leyti, regluverk um sýndareignir eða þjónustuveitendur sýndareigna. Í þeim ríkjum kann að vera að ekki sé gerð krafa um að starfsemi þjónustuveitenda sýndareigna sé skráningar- eða leyfisskyld.

Þessir áhættuþættir tengjast uppruna og áfangastað viðskiptanna auk ríkja sem fjármunirnir hafa átt viðkomu í. Áhættuþættirnir skipta einnig máli vegna áhættu tengdri uppruna viðskiptanna og eiganda fjármunanna sem gæti tengst áhættusömu ríki. Að auki gætu áhættuþættirnir skipt máli vegna þjóðernis, búsetu eða starfsstöðvar viðskiptamannsins.

- Fjármunir viðskiptamanns eiga uppruna sinn að rekja, eða eru sendir til, skiptastöðvar sem er ekki skráð í ríkinu sem viðskiptamaðurinn eða skiptastöðin er staðsett.
- Viðskiptamaður notfærir sér þjónustuveitanda sýndareigna eða peningasendingar í áhættusömu ríki sem hefur ekki innleitt eða er ekki með viðeigandi regluverk vegna aðgerða gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, einkum er varðar ófullnægjandi áreiðanleikakannanir og ráðstafanir til að þekkja viðskiptamanninn.
- Viðskiptamaður sendir fjármuni til þjónustuveitenda sýndareigna sem starfar í ríki með ekkert eða takmarkað regluverk um sýndareignir eða hefur ekki innleitt regluverk um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

8. Reglubundið eftirlit

Í ljósi eðlis sýndareigna ættu þjónustuveitendur sýndareigna að ígrunda vel hvaða stýringar og eftirlitskerfi þeir innleiða, til þess að tryggja fullnægjandi eftirlit með færslum og samningssamböndum og tryggja að óvenjulegar eða grunsamlegar færslur séu greindar.

Við mat á viðeigandi eftirlitskerfum, skulu þjónustuveitendur sýndareigna ganga úr skugga um að þau kerfi sem notast er við séu í samræmi við stærð, eðli, umfang og margbreytileika starfseminnar og viðskiptanna. Þá þarf þjónustuveitandinn að hafa viðeigandi þekkingu á því hvernig eftirlitskerfið virkar í framkvæmd og tryggja að það endurspegli metnar áhættur í rekstri hans.

Þjónustuveitendur sýndareigna ættu a.m.k að innleiða kerfi sem tryggir fullan rekjanleika viðskipta. Þá ætti sendandi millifærslunnar að hafa tilskildar upplýsingar um viðskiptamann sinn og móttakandann. Að lokum ætti aðili sem móttækur millifærsluna að hafa nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptamann sinn og sendandann í samræmi við kröfur um áreiðanleikakannanir.

9. Áreiðanleikakönnun gagnaðila

Þjónustuveitendur sýndareigna þurfa að framkvæma áreiðanleikakönnun á gagnaðilum sem einnig eru þjónustuveitendur sýndareigna, til þess að vera upplýstir um þá aðila sem að þeir stunda viðskipti við.

Þjónustuveitandi sýndareigna þarf ekki að framkvæma áreiðanleikakönnun á gagnaðila sínum við hver einustu viðskipti, s.s. þegar um er að ræða þjónustuveitanda sýndareigna sem hann hefur áður framkvæmt áreiðanleikakönnun á, nema um sé að ræða grunsamega viðskiptasögu eða aðrar upplýsingar (neikvæðir miðlar eða birtar upplýsingar um viðurlög) sem gefur ástæðu til þess. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að uppfæra reglulega upplýsingar sínar um áreiðanleikakannanir gagnaðila. Þá skulu þjónustuveitendur sýndareigna setja sér verkferil um áreiðanleikakönnun á gagnaðila.

